

## 103. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 10. september

Fundurinn var haldinn í Fjarðaborg á Borgarfirði eystri og hófst hann kl. 10:00

Mættir Stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson formaður, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Gauti Jóhannesson, Pálína Margeirsdóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Sigríður Bragadóttir.

Boðaður var Stefán Bogi Sveinsson sem komst ekki. Þar sem hvorugur varamanna hans komust var Jakob Sigurðsson boðaður í hans stað. Þráinn Lárusson boðaði einnig forföll. Enginn varamaður komst í hans stað.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestur fundarins undir 4.lið var Alda Marín Kristinsdóttir verkefnastjóri hjá Austurbrú.

### Dagskrá:

1. Fundargerð 102 fundar stjórnar til samþykktar
2. Fjárlagafrumvarpið 2020 – samantekt fyrir Austurland
3. Úthlutað aflamark 2019/2020 og samanburður við fyrra ár
4. Kynning á verkefninu Betri Borgarfjörður
5. Ýmis mál tengt rekstri
  - Undirritanir í tengslum við leiðbeiningar fyrirtækjaskrár
6. Önnur mál

Formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### **1. Fundargerð 102 fundar stjórnar til samþykktar**

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð af stjórn.

### **2. Fjárlagafrumvarpið 2020 – samantekt fyrir Austurland**

Framkvæmdastjóri fór yfir tölur úr fjárlagafrumvarpinu. Hún sagði heimildirnar vera með svipuðum hætti og áður og ekki væri að sjá neina leiðréttingu eins og unnið hefur verið að undanfarin ár.

### **3. Úthlutað aflamark 2019/2020 og samanburður við fyrra ár**

Framkvæmdastjóri fór yfir tölur varðandi úthlutað aflamark 2019/2020.

Umræður stjórnar um það hvort breytingarnar í ár stafi af tilfærslum svo sem flutningi á aflaheimildum á milli skipa. Lagt var til að stjórnarmenn öfluðu sér upplýsinga um þetta á sínum svæðum.

### **4. Kynning á verkefninu Betri Borgarfjörður**

Alda Marín verkefnastjóri Austurbrúar kom inn á fundinn og sagði frá verkefninu Betri Borgarfjörður. Sagði hún verkefnið hafa gengið vel og ein helsta ástæðan fyrir því væri jákvæðni og þátttaka heimamanna. Þá sagði hún verkefnið hafa leitt til þess að fólk sem þeim tengdist væri að verja meiri tíma á svæðinu og einhverjir væru búnir að flytja lögheimili sín á Borgarfjörð. Þá nefnir Alda að búið sé að ráða hjúkrunarfræðing á svæðið sem verður með búsetu á Borgarfirði.

### **5. Ýmis mál tengt rekstri**

Undirritanir í tengslum við leiðbeiningar fyrirtækjaskrár  
Eyðublöðin voru undirrituð af stjórn.

## 6. Önnur mál

Umræður voru á fundinum um að koma þyrfti upp vinnureglum yfir það hverja skyldi boða á fund ef aðalmenn í stjórn forfallast. Var stjórnin sammála um að skilgreindir varamenn aðalmanna skyldu kallaðir inn fyrst og ef þeir kæmst ekki þá yrðu boðaðir varamenn annarra aðalmanna.

Fundi slitið kl 13:10

---

Einar Már Sigurðarson

---

Gunnar Jónsson

---

Hildur Þórisdóttir

---

Pálína Margeirsdóttir

---

Gauti Jóhannesson

---

Þráinn Lárusson

---

Stefán Bogi Sveinsson

---

Sæunn Stefánsdóttir